

Alþingi
Erindi nr. P 130/70
komudagur 3. 11. 2003



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Samtök iðnaðarins

Federation of Icelandic Industries

Reykjavík, 3. nóvember 2003

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, og lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Samtök iðnaðarins (SI) vilja þakka fyrir að fá að kynna athugasemdir sínar varðandi ofangreint frumvarp. Þungaskattur hefur mikla þýðingu fyrir fjölmargar starfsgreinar innan SI. Þungaskattur, kílómetragjald sérstaklega, vegur mjög þungt við vörudreifingu, öflun hráefna og vegna framkvæmda í bygginga- og jarðvinnu.

SI hafa látið sig breytingar á skattinum miklu varða og hafa átt mikið og gott samstarf við stjórnvöld sem oftast en ekki hefur leitt til umbóta á þessu sviði. Að mati SI er núverandi kílómetragjald þungaskatts nú þegar alltof hátt. SI leggjast því gegn boðaðri 8% hækkun. Tekjur ríkissjóðs af kílómetragjaldi þungaskatts eru nátengdar umsvifum í atvinnulífinu. Gjaldið er nær alfarið greitt af bifreiðum í atvinnustarfsemi og vöxtur þess í beinu samhengi við vöxt og viðgang atvinnulífsins. Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu eru meginrök fyrir hækkun gjaldsins ekki að auka tekjur ríkissjóðs. Þær munu aukast hvort sem er vegna aukinna umsvifa m.a. í tengslum við stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi.

Meginforsenda þess að hækka skattinn virðist vers sú að hann hefur ekki verið hækkaður lengi. Eins og áður hefur verið sagt er kílómetragjald þungaskatts nú þegar alltof hátt og því er lagt til að hætt verði við fyrirhugaða hækkun þess.

Samtök iðnaðarins hafa ekki sérstaka skoðun á þeim atriðum þungaskatts sem snerta rekstur minni bifreiða. Því ætla SI öðrum að hafa skoðun á svokölluðu fastagjaldi. Fyrir vörudreifingu, iðnaðarframléiðslu og verktöku skiptir rekstur smábifreiða mun minna máli. Ítrekað er mikilvægi þess að kílómetragjald verði óbreytt.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Árni Jóhannsson', is written over a horizontal line. The signature is fluid and cursive.

Árni Jóhannsson